

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga 554 m.kr. á fyrri hluta ársins 2022

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 554 milljónum króna á fyrri árhelmingi 2022 samanborið við 248 milljónir króna á sama tímabili árið 2021. Breyting á milli ára skýrist aðallega af aukinni verðbólgu og hækkun vaxta á tímabilinu.

Heildareignir Lánasjóðsins þann 30. júní voru 173 milljarðar króna samanborið við 168 milljarða króna í árslok 2021. Heildarútlán sjóðsins námu 165 milljörðum króna samanborið við 160 milljarða króna í árslok 2021. Ný útlán á fyrstu 6 mánuðum ársins námu 5 milljörðum króna.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu á fyrri hluta ársins var 4 milljarðar króna en var 19 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Lánasjóðurinn endurskoðaði útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí 2022. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 22 - 28 milljörðum króna fyrir árið 2022. Endurskoðuð útgáfuáætlun gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 14 - 18 milljörðum króna.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 20,1 milljörðum króna á móti 19,6 milljörðum króna í árslok 2021. Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 643% miðað við stöðu útlána þann 30. júní og var 630% í árslok 2021, með fullri mildun samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Á aðalfundi sjóðsins þann 1. apríl síðastliðinn var ákveðið að greiða ekki arð til hluthafa vegna afkomu ársins 2021 til að styrkja stöðu sjóðsins, viðhalda kaupmætti og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins	1.1.-30.6.22	1.1.-30.6.21	1.1.-30.6.20
Hreinar vaxtatekjur.....	611	341	429
Aðrar rekstrartekjur	69	24	158
Almennur rekstrarkostnaður.....	127	117	109
Hagnaður tímabilsins.....	553	248	478
Efnahagur í lok tímabils	30.06.22	30.06.21	30.06.20
Handbært fé.....	842	288	1.474
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	6.818	3.835	3.867
Markaðsverðbréf.....	164	2.904	2.954
Útlán og kröfur.....	164.948	152.429	122.133
Aðrar eignir.....	237	51	43
Eignir samtals.....	173.009	159.506	130.471
Verðbréfaútgáfa.....	150.838	138.208	107.845
Aðrar lántökur.....	1.907	1.892	3.779
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	113	97	91
Skuldir samtals.....	152.858	140.196	111.715
Eigið fé.....	20.151	19.310	18.756
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	56%	54%	61%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	643%	336%	260%

Framtíðarhorfur

Lánasjóðurinn mun starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.